



Endurskoðuð umbótaráætlun vegna úttektar leikskólans Reynisholts fyrir árið 2012

Leikskólinn og umhverfi hans

Verkpáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Lóð leikskólans	Að leikskólalóðin verði tekin út og sett fram umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum	Að leikskólalóðin verði öruggt leikskvæði	Úttekt hefur farið fram á lóð leikskólans og hafa stjórnendur ítrekað bent á þætti sem þarfnast lagfæringar. Lítilsháttar viðhald er á áætlun sumar 2014 Mjög lítið fjármagn áætlað í þetta viðhald	Rekstraraðili	Upphaf: Sumar 2014 Verklök: Rekstraraðili verður að svara fyrir það
Aukið fjármagn til kennslugagna	Að upphæð sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun til kaupa á námsgögnum verði endurskoðuð	Að aukið sé fjármagn til kaupa á kennslugögnum til að styðja við fagstarf.	Fjármagn til kennslugagna var skorið niður í kjölfar kreppu og hefur lítið aukist á síðustu árum.	Rekstraraðili	Gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.
Afleysing vegna veikinda og undirbúnings	Að gera þurfi athugun á hve oft skortur á veikindaafleysingu og undirbúningstíma hefur áhrif á skipulag og daglega starfsemi	Að næg afleysing verði vegna veikinda og undirbúnings kennara	Haustið 2013 var gerð breyting á kaffitímum starfsmanna til að auðvelda afleysingu. Veturinn 2013-2014 var rætt um hvernig hægt væri að skrá undirbúningstíma til að kjarasamningsbundnum undirbúningstímum sé fylgt eftir.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Hófst haustið 2013 og verður endurmetið vorið 2014

Skólanámskrá

Verkpáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Endurskoðun skólanámskrár	Að setja fram viðmið um þann árangur sem leikskólinn stefnir að varðandi innleiðingu grunnþáttanna.	Að skólanámskrá sé í samræmi við nýja aðalnámskrá leikskóla	Leikskólar hafa tíma fram á vor 2015 til að endurskoða skólanámsrár sínar og samræma þær nýrri aðalnámskrá leikskóla. Vinna við skólanámskrá okkar er að mestu lokið og er hún birt á heimasíðu leikskólans og er hægt að sjá markmið með hverjum grunnþætti þar.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Upphaf: Haust 2011 Verklök: Vorið 2015

Skólanámskrá framhald

Verkþáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Jafnréttisáætlun	Að jafnréttisstefna sem leikskólinn starfar eftir séu gerð ítarleg skil í skólanámskrá og starfsmannahandbók.	Að skólar landsins setji sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir í samræmi við landslög.	Skóla- og frístundasvið stendur fyrir námskeiðum í að vinna jafnréttisáætlun vorið 2014 og fara tveir starfsmenn á það námskeið og vinna áætlunina út frá því. Barnasáttmálinn verður notaður til hliðsjónar að gerð jafnréttisáætlunar að því sem viðkemur börnunum	Aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri	Upphaf: Haust 2014 Verklök: desember 2014
Barnasáttmálinn	Gera þarf barnasáttmála skil í skólanámskrá og setja fram hvernig unnið er að framvæmd hans í daglegu starfi	Að unnið sé eftir Barnasáttmála Sameinuðupjódanna Að starfsmenn séu meðvitaðir um hvernig unnið er eftir Barnasáttmálanum.	Einn deildarstjóri mun greina þætti í hugmyndafræði leikskólans út frá Barnasáttmálanum. Hvað við séum að vinna að nú þegar og hvað getum við bætt. Barnasáttmálinn verður notaður til hliðsjónar við gerð jafnréttisáætlunar að því sem viðkemur börnunum.	Leikskólastjóri og deildarstjóri sem hefur unnið að verkefnum og fyrirlestrum um Barnasáttmálann	Upphaf: haust 2014 Verklök: Vor 2015
Samstarf skólastiga	Að skýra nánar markmið með samstarfi skólastiganna.	Að samstarf verði á milli skólastiga varðandi samfellu í námi barna	Samstarf við Sæmundarskóla hefur verið í mótun frá opnun leikskólans og er það vilji okkar að efla það enn frekar. Veturinn 2015 fær aðili innan Sæmundarskóla aukinn tíma til að sinna þessu samstarfi	Aðstoðarleikskólastjóri og samstarfsaðili frá Sæmundarskóla	Fundir eru haldnir á hverju vori þar sem metið er hvernig til hefur tekist. Endurskoðað vorið 2016
Hugmyndafræði leikskólans	Að í skólanámskrá komi fram á hvaða fræðikenningum hugmyndafræði leikskólans er byggð.	Að hugmyndafræði leikskólans sé skýr og öllum aðgengileg og að unnið verði áfram með þær áherslur sem settar voru fram í þróunarverkefninu Líf og leikni 2008 og mastersverkefni leikskólastjóra sem kom út 2002	Þróunarverkefnið Líf og leikni fól í sér m.a. þá vinnu að setja stefnu leikskólans og að kynna sér þær fræðikenningar sem liggja til grundvallar. Allir starfsmenn væru með í þeirri vinnu og var það gert á sínum tíma. Skýrsla var gefin út 2008 og er hún aðgengileg fyrir starfsmenn og foreldra sem og á heimasíðu skólans. Hugmyndafræði skólans er kynnt fyrir nýju starfsfólki í móttökuáætlun. Þessir þættir eru þó stöðugt í áframhaldandi þróun og fara umræður fram m.a. á deildarfundum og skipulagsdögum.	Verkefnastjóri þróunarverkefnisins var ábyrgðaraðili í dag er það leikskólastjóri	Upphaf: veturinn 2005 Líf og leikni gefin út 2008 og Snerting, jóga og slökun 2002, mastersverkefni Verklök: sífellt í endurmati

Stjórnun og rekstur

Verkþáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Skipurit	Að skipurit sé sýnilegt á heimasíðu og í starfsmannahandbók	Að skipurit sé til fyrir leikskólann	Skipurit var gert fyrir leikskólann, það kynnt starfsmönnum og sett í starfsmannahandbók.	Aðstoðarleikskólastjóri	Upphaf og verklok: Vor 2013
Starfsþróunarsamtöl	Að skýr viðmið séu sett fram í starfsþróunarviðtölum	Að stuðla að opnum og einlægum samskiptum og fá fram hugmyndir beggja aðila um starfsþróun og framtíðarsýn	Í upphafi viðtals er farið yfir með starfsmanni hvort markmið fyrra samtals hafi náðst en það er til skriflegt frá fyrra ári og hafa þau viðmið verið notuð til að meta starfsþróun viðkomandi starfsmanns. 2013 var farin ný leið þar sem starfsmenn skrifuðu jákvæða punkta um sjálfa sig og hvar þeir geta bætt sig. Stefnt er að því að gera það aftur 2015.	Leikskólastjóri	Viðtöl tekin í janúar-febrúar ár hvert. Önnur viðtöl tekin eftir þörfum

Uppeldi, menntun og umönnun

Verkþáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Rödd barna í mati - jóga	Að atkvæðisréttur barna í daglegu starfi verði aukinn þannig að þau upplifi að þau hafi áhrif á umhverfi sitt.	Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt.	Í jógastundum er fléttað saman ákveðnum jógastöðum og söguformi. Börnin eru þátttakendur í sögugerðinni og hafa þannig áhrif á stundina.	Jógakennari	Hefur verið í námskrá frá 2006.
Rödd barna í mati - hópastarf	Að fjallað sé með skýrum hætti um hvernig börnum er gefin rödd inn í skólastarfið og hvaða leiðir eru farnar að því.	Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt	Í hópastarfi eru verkefni unnin út frá áhugasviði barnanna.	Hópstjórar	Hefur verið í námskrá frá 2006.
Rödd barna í mati - umhverfisráð		Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt	Elstu börn leikskólans eru í umhverfisráði og hafa ákveðin ábyrgðarhlutverk og koma með ábendingar um hvað þurfi að bæta	Deildarstjórar elstu barna	Kemur fram í skýrslu um grænfána verkefnið 2010 og 2012.
Rödd barna - matur		Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif.	Börnin velja hvað er í matinn einu sinni í mánuði.	Matráður	Fyrst gert veturinn 2013. Endurskoðað vorið 2014.
Rödd barna í mati - val		Að börnin velji sér leikefni og þannig hafi áhrif á nám sitt.	Formlegt val er á deildum eldri barna, óformlegt hjá þeim yngri. Börnin velja úr bunka af myndum með leikefni og setja upp það sem þau vilja hafa í vali hverju sinni.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Valið verður endurmetið vorið 2014

Skólabragur og samskipti					
Verkpáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Viðbragðsáætlun vegna eineltis	Að viðbragðsáætlun vegna eineltis sé sýnileg	Að til sé eineltisáætlun og að starfsfólk þekki til hennar.	Sérstök eineltisáætlun var ekki til og var hún gerð vorið 2013. Hún var kynnt starfsfólki á skipulagsdegi haustið 2013 og er í starfsmannahandbók leikskólans	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Upphaf og verklok: vorið 2013.
Innra mat					
Verkpáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Ecerskvarðinn	Að matsspurningar séu afmarkaðar og skilgreint hverju þær skuli svara. Að við gagnaöflun sé skoðað vel hvaða gögn veiti bestar upplýsingar um þá starfssemi sem verið er að meta. Að flétta gagnaöfluninna inn í skólastarfið.	Að meta hvað hvert barn þarf til að þroskast andlega, félagslega, tilfinningalega og vitsmunalega. Að meta hvernig leikskólakennarar skipuleggja umhverfið þannig að það mæti sem best þörfum barna	Ecers verður áfram fylltur út á tveggja ára fresti. Niðurstöður hans eru nýttar til að bæta umhverfið svo það mæti sem best þörfum barna og að efla þá þætti sem koma slakir út er varða heildar þroska barna.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og leikskólakennarar	Metið annað hvert ár. Framkvæmd umbóta-áætlunnar í starfsáætlun verði lokið september næsta haust á eftir. Næst listi lagður fyrir vorið 2015
Barnið í brennidepli		Að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarfið og stjórnun.	Þættir úr barnið í brennidepli verða nýttir í mati annað hvert ár. Skráð er hvenær og hvaða þættir eru metnir s.s. nám í gegnum leikinn, þroski og framfarir barna, stuðningur við börn og fjölskyldur og vinnusiðfræði leikskólans.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og leikskólakennarar	Metið annað hvert ár. Framkvæmd umbóta-áætlunnar í starfsáætlun verði lokið september næsta haust á eftir. Næst lagt fyrir maí 2014
Umhverfisgátlistinn		Að meta stöðu umhverfismála í leikskólanum.	Gátlisti frá landvernd er nýttur til að meta stöðu umhverfismála í leikskólanum. Skýrsla er send til landverndar annað hvert ár þar sem markmið og umbætur í umhverfismálum koma fram.	Aðstoðarleikskólastjóri og umhverfisráð	Metið annað hvert ár og niðurstöður nýttar til að efla þátt umhverfismenntunnar í skólastarfi og til að setja fram næstu markmið. Næst lagt fyrir vorið 2014

Innra mat framhald

Verkþáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Lærdómssamfélag í skólum	Að matsspurningar séu afmarkaðar og skilgreint hverju þær skuli svara. Að við gagnaöflun sé skoðað vel hvaða gögn veiti bestar upplýsingar um þá starfssemi sem verið er að meta. Að flétta gagnaöfluninna inn í skólastarfið.	Að leggja áherslu á að skapa sameiginlega sýn starfsmanna á þær áherslur sem lagðar eru til grundvallar starfinu. Að leitast við að nýta þann mannauð og styrkleika sem býr í hverjum starfsmanni.	Lagður er fyrir matslisti um stöðu lærdómssamfélags í skólanum annað hvert ár. Niðurstöðurnar eru nýttar til að styrkja lærdómssamfélagið og leitað er leiða til að efla þá þætti sem þurfti. Einnig eru niðurstöður bornar saman á milli ára og tekið saman hvað hafði áhrif á þá þætti hafa breyst.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Niðurstöður matsins og umbótaáætlun frá 2011 og 2013 kom fram í starfsáætlun. Verður metið aftur vorið 2015.
Hljóm-2		Að skima eftir þeim börnum sem hafa slaka þætti í hljóðkerfisvitund sinni svo að efla megi þá þætti	Lagt fyrir öll börn í elsta árgangi á haustönn. Niðurstöður skimunarinnar eru nýttar til að efla þá þætti, ef einhverjir eru, sem koma slakir út og fær grunnskólinn einnig þær upplýsingar.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar elstu barna	Lagt fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti og fyrir þau sem fá slaka útkomu er lagt fyrir aftur í febrúar.
Sjálfsmynd og félagsfærni		Að meta sjálfsmynd og félagsfærni allra barna til að geta byggt upp og gripið inn í ef þörf er á	Matslistarnir hafa verið nýttir á eldri deildum fyrir kennara til að draga upp mynd af sjálfsmynd og félagsfærni barna. Niðurstöður eru nýttar við undirbúning foreldraviðtala og til að geta gripið inn í og byggt upp ef þörf er á.	Deildarstjórar og leikskólakennarar	Notað árlega.
Börnin meta		Að fá fram mat barnanna á starfi leikskólans.	Börnin eru spurð hvernig þeim líkar ákveðnir þættir í dagskipulaginu. Tvö og tvö börn voru saman að svara spurningunni; Hvernig finnst þér.....? Þau gátu valið um skemmtilegt, ágætt, ekki skemmtilegt. Einnig eru þau spurð hvort þeim þyki mikill hávaði í leiknum og hvort þau geta leikið sér í friði og ró. Í lokin eru þau svo spurð hvað þeim þykir allra skemmtilegast í leikskólanum. Niðurstöður eru nýttar til að auka vægi þeirra þátta sem börnunum þykja skemmtilegastir.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Fyrst lagt fyrir 2013 og verður lagt fyrir elstu börnin á vorönn ár hvert.

Innra mat framhald

Verkþáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Skráningar á frjálsum leik barna	Að matsspurningar séu afmarkaðar og skilgreint hverju þær skuli svara. Að við gagnaöflun sé skoðað vel hvaða gögn veiti bestar upplýsingar um þá starfssemi sem verið er að meta. Að flétta gagnaöfluninna inn í skólastarfið.	Að skráningar á leik barnanna styðji við mat á þroska og getu barna.	Skráningar á frjálsum leik barna hafa ekki verið markvisst nýttar til að meta þroska og getu barna. Ein deild hefur veturinn 2013-2014 verið að þróa aðferðir til að skrá frjálstan leik barna og hvernig hægt er að nýta þær skráningar til að meta getu og þroska barna	Deildarstjóri viðkomandi deildar	Framkvæmt veturinn 2013-2014. Endurmetið vor 2014
Matsáætlun	Að setja fram matsáætlun fyrir tiltekið tímabil sem nái til allra þátta skólastarfsins og að þar komi fram hvað, hvernig og hvenær sé metið.	Að gerð verði áætlun á hvað, hvernig og hvenær þættir leikskólastarfsins séu metnir	Í starfsáætlun kemur fram hvaða þættir verða metnir hvert ár. Stefnt er að því að vinna þriggja ára matsáætlun fyrir leikskólann	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og matsteymi	Upphaf: haust 2014 Verklök: vor 2015
Matsteymi	Að stofnað verði matsteymi sem fylgi eftir framkvæmd matsins.	Að markvisst sé unnið að innra mati skólans. Að umbótaáætlun sé fylgt eftir	Ekki hefur verið sérstakt matsteymi í skólanum en stjórnendur hafa sett upp ákveðna áætlun um matstæki og hvað skuli meta hverju sinni. Þetta fyrirkomulag verður endurskoðað og stefnt er að því að matsteymi taki til starfa haustið 2014	Aðstoðarleikskólastjóri og aðilar í matsteymi	Upphaf: haust 2014 Verklök: vor 2015

Samstarf foreldra

Verkþáttur	Tillögur matsaðila að umbótum	Markmið	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Þátttaka foreldra í mati	Að foreldrar komi markvisst að innra mati og sett verði fram verklag þar um	Að foreldrar taki þátt í innra mati leikskólans	Foreldrar hafa tekið þátt í ytra mati leikskólans í foreldrakönnunum en ekki komið að innra matinu. Stefnt er að því að skoða á hvern hátt foreldrar geti komið að innra mati með samvinnu foreldraráðs.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og foreldraráð	Vor 2015
Kosning í foreldraráð	Að kosnir séu fulltrúar í foreldraráð sérstaklega	Að kosið sé sérstaklega í foreldraráð á haustfundi	Á haustfundum eru foreldrar hvattir til að bjóða sig fram til starfa við foreldraráð og foreldrafélag og er kosið sérstaklega í hvort félag	Leikskólastjóri	Haustið 2014 og haustið 2013 var kosið sérstaklega í foreldraráð og foreldrafélag.

Reykjavík 5. maí 2014

Virðingarfyllst,

Sigurlaug Einarsdóttir, leikskólastjóri

Aðalheiður Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri